

broti að Dr. Valtýr, skuli benda mönnum á þann sannleika, að þegar Lúthers-trúin er sett fram, samkvæmt hennar eigin játningum og kenningum, beri hún keim af broka og yfirlæti, sem dragi úr gildi hennar í augum allra skynbærra manna, svo að Únfara-trúin verði fegurri og meir aðlaðandi. Auðvitað er þetta löngu skiljanlegt orðið, öllum sem athuga báðar þessar trúarkenningar, en Dr. Valtýr mátti hins vegar ekki segja frá því. Það er svo oft og lengi búð að segja mönnum hjer, það gagnstæða, og ekkert sje að marka þó Únfatarar og aðrir Villutrúarmenn haldi hinu fram, að það er eins og að koma upp svikum, er leynt átti að fara, með því að segja hið sanna.

Til þess svo að draga yfir þessi glöp ritstj. "Eimreiðarinnar", er gripið til þeirra örþrifsráða, að þekking hans um trúfræðisleg efni sje svo bágborin, að dómar hans í þessu efni sjeu markleysa og hjegómi, og er það sannað með prentvillu í "Eimreiðinni". Ekki vandast nú vörnin.

Nærri má geta að Dr. Valtýr er ekki eins reyndur og lesinn í þeim fræðum, eins og sumir forsvarsmenn Lútherskunnar eru hjer, er á tveim árum bókstaflega hafa klift og skorið sjer braut upp að þeim háu fræðum, með hárbeittustu eggjárnum. En þó verður það ekki hrakið með einni saman prentvillu, að Eimr. fer rjett með það, að Lútherstrúin þykist þegar hafa höndlað alla sannleika og hafa einkarjett á honum; og að það er broka staðhæfing er nútíðinni er erfitt að taka á móti. Um það eru fleiri til sagnar en Dr. Valtýr. Allir muna kaflann í Helgakverri, þeirri kristin-fræði er flestum Íslendingum hefir verið kend, að í kenningu allra kyrkna kristninnar, að Lúthersku kyrkjinni einni undanskilinni, sjeu "margskonarskaðlegar villur. Lútherstrúin er sú eina sem er í alla staði rjett".

En stórum kátlegri er þó deila "Ný-guðfræðinga" á þenna ritdóm Dr. Valtýrs. Það er sjerstaklega eitt "klúryrði" sem þeir tilnefna, er hann hefir yfir "Nýju guðfræðina", er ónýta á allann ritdóminn, og svo auðvitað prentvillan líka. Er alt Máblað Breiðablika um það hvorttveggja. Flestum mun þó virðast, er svör þessi lesa, að flest standi eftir sem áður, óhaggað í ritdómnum, en þó sjerstaklega það, sem ritstj. "Eimreiðarinnar" setur